

Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
 Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
 Ritstjórnar Matthías Johannessen,
 Styrmir Gunnarsson.
 Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
 Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
 Auglýsingastjóri Baldvin Jónsson
 Ritstjórn og skrifstofur Aðalstræti 6, sími 10100.
 Auglýsingar Aðalstræti 6, sími 22480.
 Afgreiðsla Sími 83033
 Áskriftargjald 3000.00 kr. á mánuði innanlands.
 í lausasölu 150 kr. eintakið.

Beinar greiðslur til bænda

Vandamál landbúnaðar hafa að vonum verið í brennidepli þjóðmálaumræðu undanfarið. Einkum útflutningsbætur og vandkvæði á að selja umframframleiðslu, sem rætur á í mun herra verðbólguþeggi hérlendis en í markaðslöndum okkar. Einnig vorharðindin, sem komið hafa harkalega við íslenskan landbúnað, ekki sízt sauðfjárbúskap.

Landbúnaðarráðherra lagði ekki fram tillögur í þessum málum fyrr en á síðasta snúningi þinghaldsins. Og slík voru handabakavinnubrögðin, að málin glutruðust niður í höndum hans. Sterkar líkur benda þó til þess, að frestun þinglausna í örfá dægur hefði leitt til samstöðu á þingi um aðgerðir í vanda bændaþéttar. En ríkisstjórninni lá svo mikið á að senda þingið heim, að samstöðu og úrlausnum var fórnad.

Stórum áfanga var þó náð í atriði, sem miklu skiptir fjárhagsstöðu bænda. Alþingi samþykkti þingsályktun Eyjólfssonar, sem beinlínis felur ríkisstjórninni að setja þær reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðar, sem tryggja að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt. Jafnframt skal ríkisstjórnin láta athuga á hvern veg heppilegast er að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur en nú er. Markviss framkvæmd þessarar ákveðnu þingsályktunar gæti komið bændum að góðu gagni og styrkt fjárhagsstöðu þeirra.

Stærilæti og lítilsvirðing

Framfarafélag Breiðholts III, Íþróttafélagið Leiknir, Kvenfélagið Fjallkonan, JC í Breiðholti, Skátarafélagið Hafarnir og Nemendafélag Fjölbrautaskólans stöðu fyrir undirskriftasöfnun um byggingu útisundlaugar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Hér er um að ræða mikið hagsmunamál í einu barnflestu hverfi borgarinnar.

Enginn borgarfulltrúi hins nýja vinstri meirihluta í borgarstjórn lét svo lítið að mæta við afhendingu undirskriftalistans. Þrjú borgarfulltrúar minnihlutans, Sjálfstæðisflokksins, tóku að sér að koma erindinu á framfæri við hina nýju valdhafa.

Þessi framkoma borgarfulltrúa vinstri flokkanna er dæmigerð um stærilæti og lítilsvirðingu á óskum og erindum hinna almennu borgara og argasta smekkleysa gagnvart íbúum þessa borgarhverfis. Lágmarkskrafa er að hinn nýi borgarstjórnarmeirihluti sýni almenna háttvísi í sjálfsögðum samskiptum borgarbúa og borgarstjórnar.

„Nýtt tvístirni í Framsókn“

Þjóðviljinn segir í gær að Steingrímur Hermannsson og Tómas Arnason séu komnir í sömu stöðu gagnvart Ólafi Jóhannessyni, og Eysteinn Jónsson og Hermann Jónsson á sinni tíð gagnvart Jónasi frá Hriflu. „Rétt er“, segir Þjóðviljinn, „að engu er líkara en að Steingrímur flokksformaður og Tómas fjármálaráðherra séu sífellt með tilhlaup til að skáka Ólafi Jóhannessyni, forsætisráðherra, úr sviðsljósinu ef þá ekki pólitíkinni. — Síðasta dæmið kom upp meðan Ólafur var að taka við doktorsnafnbótinni og riddaraliðshattinum vestur í Marítóba í síðustu viku. Þá dustuðu þeir rykið af tillögum í kjaramálum, sem þeir höfðu drifið í gegn um stofnanir flokksins, en forsætisráðherra blásið á eins og sápukulur.“


Hér lætur Þjóðviljinn að því liggja að tveir af ráðherrum Framsóknar standi að samsæri um að ýta hinum þriðja, forsætisráðherranum, út úr sviðsljósinu og pólitíkinni. Hver eru þá heilindi hinna ráðherranna, úr Alþýðubandalagi og Alþýðuflokki, gagnvart forsætisráðherra, ef afstaða samflokksmanna hans er eins og Þjóðviljinn hermir?



Kári stendur hér fyrir framan eina af myndunum á sýningunni. Hún er máluð í stíl, sem Kári kallar geisla-bylgju. Ljós. Mbl. RAX.

Nýtt andlit á gömlu myndefni. Þessi mynd ber heitið „Heimabátar“.

Kári Eiríksson á Kjarvalsstöðum:




„Á litum hef ég ekki áhuga – þeir koma af sjálfu sér“

LISTAMAÐURINN Kári Eiríksson sýnir verk sín á Kjarvalsstöðum þessa dagana. Á sýningunni eru 72 olíumálverk, flest máluð á s.l. tveimur árum. Þetta er fimmta sýning Kára hérlendis, síðast sýndi hann á Kjarvalsstöðum 1973.

Kári er fæddur 1935 á Þingeyri við Dýrafjörð og segir hann sjálfur, að fagur fjallahringurinn og náttúrufegurð Dýrafjarðar sé upphaf listamannsins Kára. Hann hefur numið og dvalið víða erlendis og haldið fjórar einkasýningar á erlendra grund, síðast í Genf í Sviss 1974.

Við hittum Kára að máli á Kjarvalsstöðum og röbbum við hann um tilveruna og sýninguna.

„Ég er Dýrfirðingur – spröttinn úr dýrfirzkum jarðvegi, þaðan hef ég allt mitt. Fjöllunum í Dýrafirði og fallegum fjallasalnum skýtur alltaf upp í verkum mínum – þaðan er uppruni minn. Sá er illa settur, sem ekki þekkir sinn uppruna. Vestfirðingar eru líka sérstakur þjóðflokkur. Þeir trúa á fjallatinda og hóla. Það má líkja þeim við Indíana í N-Ameríku,“ sagði Kári í upphafi samtalsins.



„Fjallamjöll“, ein af myndunum úr skaflaserfunni. „Þarna er snjórinn, skaflarnir, veðrið,“ segir Kári.

Búvörur hækka um 16,18-32,12% í dag

RÍKISSTJÓRNIN samþykkti hækkan búvara á fundi sínum í gærmorgun og gildir hækkanin frá og með deginum í dag að telja. Hækkan verður á öllum búvörum í smásölu, þar sem niðurgreiðslur eru óbreyttar. Er hækkanin á bilinu 16,18–32,12%. Undanrenna hækkan minnst, en mesta hækkanin verður á smjöri. Mjólk hækkan um 23%. Fullt samkomulag varð um þessar hækkanir í 6-manna nefndinni en þær eru til komnar vegna aukins kostnaðar við búreksturinn.

	fyrir hækkan kr.	eftir hækkan kr.	%
NOKKRAR VERÐBREYTINGAR			
Smásöluverð			
KINDAKJÖT			
Súpukjöt framp. sfður, kg	865	1068	23,47
Heil læri eða niðursöguð, kg	1256	1509	20,14
Heilir skrokkar sundurt, kg	917	1124	22,57
Kótelettur, kg	1402	1673	19,33
MJÓLK OG MJÓLKURAFURÐIR			
Mjólk í lítra pökkum	152	187	32,0
Rjómi í lítra fernum	1007	1304	29,49
Skyr pakkad eða ópakkad	237	298	25,74
Smjör 1 kg.	1370	1810	32,12
Ostur 45 l kg. heilum st.	1750	2043	16,74
Undanrenna í lítra fernum.	136	158	16,18
NAUTAKJÖT, 2. VERÐFL. UNI, KG.			
Heilir og hálfir skrokkar	1166	1388	19,04
Afturhlutar	1536	1829	19,08
Miðlæri	1929	2296	17,21
Hakk 1. fl.	2406	2820	17,21
KARTÓFLUR 1. FLOKKUR, PR. KG			
Í 5 kg pokum án glugga.	122,40	156,60	27,94
Í kg pokum með glugga	123,80	159,00	28,43